

Fundargerð 924. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, mánudaginn 17. apríl kl. 18:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólög A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða kjaraviðræðna við bæjarstarfsmannafélög BSRB - 2301032SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 14. apríl 2023, um stöðu kjaraviðræðna við bæjarstarfsmannafélög BSRB, ásamt minnisblað BSRB, dags. 14. apríl 2023, um kröfu um jafnræði í launum BSRB félaga og SGS félaga sem starfa hjá sveitarfélögum.

Stjórn sambandsins ítrekar að samninganefnd sambandsins hefur fullt umboð til kjaraviðræðna við BSRB félög og vinnur á grundvelli kjarasamningsmarkmiða sambandsins.

Fundi var slitið kl. 19:20